



33. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga, kjörtímabilið 2018-2022, haldinn í fjarfundi á TEAMS, 07.09 2021, kl.08:15.

Mætt: Eyþór H. Ólafsson formaður, Helgi S Haraldsson, Kjartan Björnsson, Kristín Magnúsdóttir og Árni Eiríksson. Einnig sat fundinn Ingibjörg Garðarsdóttir.

- 1. Húsnæðismál Héraðsskjalasafnsins. Öll sveitarfélög, nema eitt, hafa staðfest ákvörðun frá vorfundi héraðsnefndar, þar sem samþykkt var að ganga að tilboði Akurhóla ehf um byggingu húsnæðis fyrir safnið. Sveitarfélagið Ölfus hefur ekki staðfest sitt samþykki og bókuðu á bæjarstjórnarfundi í júní sl. : „ Bæjarstjórn gerir athugasemdir við framgang þessa máls og málsmeðferð. Bæjarstjórn telur vafa leika að á því að tilgreint útboð sé hafið yfir vafa um lögmæti og felur bæjarstjóra að leita álits lögmanns sveitarfélagsins hvað það varðar.**

Bæjarstjórn telur einnig að framkomid tilboð upp á 389 milljónir án húsgagna sé langt umfram ásættanlegan kostnað og verulega umfram það sem sambærilegt hús myndi kosta ef farin væri sú leið að byggja það til að mynda á gjaldfrjálsri lóð í miðbæ Þorlákshafnar. Bæjarstjórn felur því bæjarstjóra að láta hlutlausan fagaðila vinna kostnaðarsamanburð á sambærilegu húsi annars vegar á Austurvegi á Selfossi og hins vegar við Selvogsbraut í Þorlákshöfn.

Að fengnu áliti bæjarlögmanns og kostnaðarsamanburði mun bæjarstjórn taka málið aftur til umfjöllunar.“ **Enn er beðið niðurstöðu frá Svf. Ölfusi á þessari skoðun sinni.**

Borist hefur staðfesting frá Lánasjóði sveitarfélaga um lán til verkefnisins.

- 2. Byggðasafn Árneseinga – staða flutninga og kostnaðar við framkvæmdir. Formaður stjórnar, Árni Eiríksson fór yfir stöðu mála. Flutningum er að ljúka og verkefnið í heild sinni stefnir í að vera nánast á fjárhagsáætlun.**
- 3. Fjárhagsáætlanir stofnana fyrir árið 2022. Farið yfir skil stofnana á áætlunum næsta árs. Ingibjörgu falið að hafa samband við forstöðumenn og fara yfir forsendur og skil á áætlunum, tímanlega fyrir haustfund nefndarinnar.**

4. Staðan mála, Alviðra, Öndverðarnes og Laxabakki. Viðræður um uppskiptingu Alviðru og Öndverðarnes á milli Landverndar og Héraðsnefndar eru í hægum gangi. Lóðablað fyrir Laxabakka er tilbúið og mun stjórn héraðsnefndar leggja fram tillögu um lok þess máls fyrir haustfund nefndarinnar.
5. Haustfundur 2021. Lagt er til að haustfundur verði 25.10.2021. Fundarboð verður sent út á sveitarfélögin fljótlega.

Fundi slitið kl. 08.55.

Helgi Sigurður Haraldsson ritaði fundargerð.